



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Heilbrigðisráðuneytið
b.t. skrifstofu sjúkrahúsa og sérþjónustu
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík 22. maí 2020
191101SA TP
Málalykill: 03.01

Efni: Tillögur að endurhæfingarstefnu

Vísað er í tilkynningu sem birtist í samráðsgátt stjórnvalda þann 20. apríl sl. (mál nr. 86/2020). Sambandinu var veittur frestur til 22. maí að skila umsögninni.

Almennt

Endurhæfing í víðum skilningi er mikilvægur þáttur af heildstæðri velferðarþjónustu og lýðheilsustarfi, þar sem saman tvinnast þættir sem bæði snúa að heilbrigði og félagsmálum.

Fyrirliggjandi tillögur að endurhæfingarstefnu byggja á þeim grundvallargildum að hver einstaklingur fái notið sín sem best og geti tekið fullan þátt í samfélaginu á eigin forsendum. Þátttaka og færni sem eru megin viðfangsefni endurhæfingar eru jafnframt mælikvarðar á heilsufar.

Tillögurnar eru settar fram undir sömu fyrirsögnum og birtast í heilbrigðisstefnu til ársins 2030 sem samþykkt hefur verið á Alþingi. Tillögurnar lúta að framtíðarsýn og stefnu, sem tekur til hugmyndafræði og stjórnunar endurhæfingarmála með áherslu á árangur, skilvirkni og gæði þjónustunnar. Þá er sérstaklega horft til forystu og stjórnunar, að allt skipulag miði að því að veita rétta þjónustu á réttum stað, að virkja sem best notendur þjónustunnar til að ná settum markmiðum, að gæði þjónustu séu í fyrirrúmi og að þjónustukaup, fjármögnun og rekstur endurhæfingarþjónustu stuðli að sem mestri skilvirkni.

Tillögurnar eru vel rökstuddar og verður að ætla að víðtæk sátt sé um framtíðarsýn og stefnumið. Rýni af hálfu sveitarfélaga snýr einkum að nýmælum sem snerta eftirtalin atriði úr stefnumörkun sambandsins 2018-2022:

3.3.2. Sambandið beiti sér fyrir því að velferðarþjónusta í þágu einstakra notenda sé ætíð samfelld, heildstæð og veitt í nærumhverfi. Þessu markmiði verði náð með samvinnu hlutaðeigandi þjónustuaðila og markvissri viðleitni til að fækka gráum svæðum meðal annars með þverfaglegri teymisvinnu á öllum stigum.

3.3.8. Sambandið beiti sér fyrir því að framkvæmdaáætlanir um einstaka þætti velferðarþjónustu byggji á skýrri forgangsröðun og sé fylgt fast eftir. Í þeirri eftirfylgni felst m.a. að allar aðgerðir sem settar eru á ábyrgð sveitarfélaga séu fullfjármagnaðar.

Ný skilgreining á hugtakinu „endurhæfing“

Eitt meginnýmælið í fyrirliggjandi skjali lýtur að því að sett verði fram uppfærð skilgreining á hugtakinu „endurhæfing“. Með þessari nýju skilgreiningu verði horfið

frá þeirri flokkun sem hingað til hefur verið lögð til grundvallar, þ.e. að gera beri greinarmun á eftirfarandi meginþáttum:

- læknisfræðileg endurhæfing
- starfsendurhæfing
- félagsleg hæfing

Sambandið leggst út af fyrir sig ekki gegn því að skilgreiningar séu endurskoðaðar. Með því væri gerð tilraun til þess að ná fram meiri samþættingu og betri samfellu í ferlum innan velferðarþjónustunnar notanda til hagsbóta, sbr. fyrrgreinda tilvísun í stefnumörkun sambandsins. Það er á hinn bóginn forsenda þess að vinnan skili árangri að samhliða fram fari virkt samtal á milli geira í velferðarþjónustu um það hvaða þýðingu breyttar skilgreiningar muni í reynd hafa fyrir starfsemi á mismunandi stöðum. Nauðsynlegt er að búa til áætlun um víðtæka kynningu og umræðu um fyrirliggjandi tillögu að endurhæfingarstefnu.

Jafnframt þarf að vinna með þá stöðu að einn ráðherra fari með stefnumörkun í tilteknum geira velferðarþjónustu en ábyrgð á fjármögnun veigamikils hluta starfseminnar er á málefnasviði annars ráðherra. Skipting verkefna milli stjórnsýslustiga flækir einnig þessa mynd og eru málefni öldrunarþjónustu nærtækt dæmi þar sem erfiðlega gengur að ná samstöðu um nauðsynlegar stefnumarkandi ákvarðanir.

Breyttri aðferðafræði við gerð fjárlaga og fjármálaáætlunar er ætlað að skapa vettvang fyrir þessa samstöðu. Breyttar horfur í opinberum fjármálum gera það enn brýnna en áður að fullt gegnsæi ríki um forgangsröðun við úthlutun opinberra fjármuna.

Án slíks undanfarandi samtals og samráðs er viðbúið að erfitt muni reynast að koma stefnumarkandi ákvörðunum til framkvæmdar, sbr. nýlegt dæmi um svokölluð neyslurými.

Með vísan til þessara atriða fer sambandið þess eindregið á leit að næsta skref í meðferð framkominnar tillögu að endurhæfingarstefnu verði skipun endurhæfingarráðs, sbr. aðgerð nr. 5.

Ráðinu verði falið að framkvæma áætlun um kynningu og umræðu um fyrirliggjandi tillögu að endurhæfingarstefnu. Markmið áætlunarinnar verði að ná samstöðu um nýja nálgun og þær kerfislægu breytingar sem eru hornsteinn endurhæfingarstefnu. Skipun endurhæfingarráðs verði þannig undanfari annarra aðgerða skv. tillögunni þar á meðal að skilgreina stig endurhæfingar (og þar með samspil þjónustukerfa) í reglugerð.

Í skýrslunni eru engar tillögur í aðgerðaráætlun varðandi endurhæfingu þeirra sem glíma við geðsjúkdóma og fíkní- og neysluvanda. Þessi hópur er undanskilinn þrátt fyrir að langalgengustu ástæður fyrir örorku og greiðslu endurhæfingarlífeyrir séu geðraskanir (sbr. bls. 13).

Það er mikilvægt að stefnan nái utan um alla hópa með skýrum hætti. Þeir sem glíma við geð-, fíkní- og neysluvanda er sá hópur þar sem ábyrgð „kerfanna“ er einna óljósust og algengt er að heilbrigðiskerfið vísi ábyrgð á þjónustu til


sveitarfélaga og öfugt. Að mati sambandsins er endurhæfingarráð kjörinn vettvangur til þess að fjalla um þann hluta meðferðar- og bataferlis þessa hóps sem snýr að endurhæfingu í víðum skilningi.

Önnur atriði

Leiðrétta þarf það sem fram kemur neðst á bls. 7 og efst á bls. 8 að Ísland hafi lögfest Samning SP um réttindi fatlaðs fólks. Hið rétta er að íslensk stjórnvöld hafa fullgilt samninginn en lögfesting hans er hins vegar áformuð, sbr. þingsályktun nr. 33/149.¹

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

¹ <https://www.althingi.is/altext/149/s/1690.html>.